

**Ed.**

**661. Frumvarp til laga**

[229. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi fyrir hærri fjárhæð en 32 millj. kr. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélinni og fylgifé og að öðru leyti þær tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Flugfélag Íslands hefur í hyggju að festa kaup á nýrri flugvél af fullkominni gerð, en hún mun ásamt fylgifé kosta um 40 millj. króna. Er fyrirhugað, að vél þessi verði aðallega notuð á flugleiðum innanlands, en brýna nauðsyn ber nú til, að félagið geti endurnýjað flugvélakost sinn á þessum leiðum. Vél sú, sem félagið hefur augastað á, er mun hagkvæmari í rekstri en hinar eldri vélar, og mun það draga úr tapi því, sem verið hefur á innanlandsflugi félagsins, en ein meginástæða taprekstursins hefur verið sú, hve hlutaðeigandi vélar eru gamlar orðnar og viðhaldsfrekar. Þá verður og um stórbætta þjónustu að ræða við farþega með tilkomu hinnar nýju vélar.

Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að Flugfélag Íslands geti með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, bætt þjónustu sína á flugleiðum innanlands, og fer því með frumvarpi þessu fram á heimild Alþingis til þess að veita umbeðna ríkisábyrgð, en Flugfélagið telur hana forsendu fyrir því, að úr þessum flugvéla-kaupum geti orðið.